

Skráningar- og innritunarreglur fyrir leikskóla Dalvíkurbyggðar

Fyrir hverja er leikskólarnir í Dalvíkurbyggð?

Dalvíkurbyggð býður upp á leikskólanám, ef kostur er fyrir börn frá því að fæðingarorlofi lýkur til 6 ára aldurs skv. lögum um leikskóla frá júní 2008.

Skráningar- og innritunarreglur

Sækja þarf um leikskóla rafrænt eða á sérstöku umsóknareyðublaði hjá leikskólunum. Mikilvægt er að umsóknin sé vel útfyllt.

Öllum foreldrum er heimilt að sækja um leikskóla fyrir börn sín í Dalvíkurbyggð, óháð lögheimili en lögheimili í Dalvíkurbyggð er skilyrði þess að barn geti hafið leikskólagöngu sína við leikskóla Dalvíkurbyggðar. Hægt er að sækja um tímabundna undanþágu á þessu enda liggi fyrir gildar ástæður s.s. námsdöl foreldra. Leggja þarf fram samþykki lögheimilis sveitarfélags um greiðslu á hlut Dalvíkurbyggðar á leikskólagjaldi fyrir barnið og samþykki Dalvíkurbyggðar um undanþágu frá lögheimili.

Inntaka barna er háð því skilyrði að foreldri sé ekki í vanskilum í leikskólum sveitarfélagsins.

Leikskólaplássur er úthlutað ef öllum skilyrðum er fullnægt, eftir dagsetningu umsóknar, skipulagi leikskóla og reglum um forgang.

Reglur um forgangs röðun barna í leikskólum Dalvíkurbyggðar eru eftirfarandi:

- a. Forgang hafa börn með fötlun og skal þá greining vera í ferli eða lokið.
- b. Forgang hafa börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður samkvæmt mati félags- og fræðslusviðs Dalvíkurbyggðar.
- c. Forgang hafa 2ja, 3ja, 4ra og 5 ára börn.
- d. Í undartekningartilfellum geta þeir átt rétt til forgangs fyrir börn sín sem sinna grunnþjónustu í sveitarfélaginu. Ákvarðanir um slíkar afgreiðslur skulu teknar í samráði við sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs sem ber afgreiðslu sína undir fræðsluráð ef kostur er.

Að hafna plássi og uppsögn á plássi

Ef foreldri/forráðamaður barns þiggur ekki boð um leikskólapláss við úthlutun fær umsóknin nýja dagsetningu nema ef samið er um að barnið byrji á öðrum tíma.

Gagnvirkur uppsagnarfrestur á leiksskólplássi er einn mánuður og skal miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Segja skal upp leikskólaplássum skriflega á þar til gerðum eyðublöðum.

Leikskólagjöld og aðrar skyldur þjónustuþega

1. Bæjarstjórn ákveður gjaldskrá leikskóla og gerir breytingar á verðgrunni að fenginni umsögn fræðsluráðs.
2. Afsláttur af leikskólagjöldum er veittur eftirfarandi:
 - Einstæðum foreldrum
 - Námsmönnum í a.m.k. 75% námi en ekki er veittur afsláttur á sumrin frá 1. júní til 31. ágúst.
 - Fjölskylduafsláttur
3. Til að njóta fjölskylduafsláttar þurfa börn innan sömu fjölskyldu að vera skráð á kennitölu sama forráðamanns og með sameiginlegt lögheimili. Fjölskylduafsláttur er samtengdur á milli daggæslu, leikskóla og skólavistunar. Afsláttur reiknast alltaf fyrst á elsta barnið og svo í aldursröð.
 - 2. barn fær 30% afslátt
 - 3. barn fær 100 % afslátt
4. Einstæðir foreldrar og námsmenn fá 30% afslátt af leikskólagjaldi þess barns sem ekki fær systkinaafslátt.
5. Enginn afsláttur er veittur af gjöldum þótt börn séu fjarverandi um tíma nema um langvarandi fjarveru vegna veikinda sé að ræða (mánuð eða meira) og veikindavottorð hafi borist.
6. Afsláttur er gefinn af fæðisgjaldi ef barn er fjarverandi samfelt í 2 vikur eða lengur og fjarveran hafi verið tilkynnt leikskólanum.
7. Ef leikskólagjöld eru í 3ja mánaða vanskilum hefur fræðsluskrifstofa fulla heimild til að segja viðkomandi foreldrum/forráðamönnum upp leikskólaplássi. Að öðru leyti er vísað til innheimtureglna Dalvíkurbyggðar.



DALVÍKURBYGGÐ

8. Ef foreldrar/forráðamenn virða ítrekað ekki umsamin vistunartíma, hefur fræðsluskrifstofa, að undangenginni viðvörun, heimild til að segja viðkomandi upp leikskólaplássi.

Samþykkt í fræðsluráði þann 23. febrúar 2011.

Samþykkt í bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 15.mars 2011